



Fundargerð 57. aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldinn í Valaskjálfi 3. maí 2023

Dagskrá fundarins var á vefnum ásamt viðeigandi gögnum á meðan fundinum stóð.

1) Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 57. aðalfund SSA. Berglind Harpa bar upp tillögu um Björn Ingimarsson sem fundarstjóra og Óðinn Gunnar Óðinsson sem fundarritara og var tillagan samþykkt samhljóða.

Berglind Harpa Svavarsdóttir kynnti því næst fjárhagsnefnd stjórnar í undirbúningi aðalfundar en í fjárhagsnefnd sátu Sara Elísabet Svansdóttir formaður (Vopnafjarðarhreppur), Guðlaugur Sæbjörnsson (Múlaþing) og Gunnar Jónsson (Fjarðabyggð).

Formaður staðfesti því næst kjörbréf og sagði mætingu kjörinna fulltrúa vera í samræmi við kjörbréfin sem bárust fyrir fundinn.

Björn Ingimarsson tók því næst við stjórn fundarins.

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð Berglindi Hörpu að kynna skýrslu stjórnar.

Berglind bauð innviðaráðherra, aðalfundarfulltrúa SSA og aðra gesti velkomna á fundinn.

Milli aðalfunda voru haldnir 13 stjórnarfundir og flestir haldnir í fjarfundi.

Fjöldmörg verkefni hafa verið á borði SSA, s.s. Svæðisskipulagið, Sóknaráætlun, Byggðaáætlun, Landsþing Sambandsins, samstarf landshlutasamtakanna, kjördæmavikur með samtölum við þingmenn, heimsóknir ráðherra í landshlutann, umsagnarbeiðnir og hinir ýmsu fundir og samtöl.

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að halda fjarfundi með stjórnunum landshlutasamtakanna SSA og SSNE með þingmönnum kjördæmisins.

Aukið aðgengi að beinu samtali við ráðherra hefur verið fyrir íbúa, frumkvöðla og fyrirtæki með heimsóknum og opnum viðtalstímum í vetur. Þessi aðferðafræði hefur gefið góða raun og vonir standa til að fleiri ráðherrar muni nýta sér þessa leið til að koma á Austurland og kynna sér málefnið ítarlega og gefa um leið færi á samtali.

Á starfsárinu var einnig tekin upp sú nýbreytni að boða til reglubundinna fjarfunda á milli sambandsins með framkvæmdastjórnunum og formönnum landshlutasamtakanna. Markmið þessara funda er að auka upplýsingamiðlun um áherslur og forgangsröðun verkefna.



Áhersla haustþingsins sl. haust var á skipulagsmál. Vinna við svæðisskipulag Austurlands var á lokametrunum sem var svo fullafgreitt hjá sveitarfélögunum í september sem Skipulagsstofnun staðfesti svo í október sl.

Ályktanir SSA til langs tíma breyttust samhliða upptöku svæðisskipulagsins og taka þær nú mið af samþykktu skipulagi og þeirri framtíðarsýn sem allir sveitastjórnarfulltrúar á Austurlandi hafa samþykkt samhliða.

Berglind kom inn á umræðu um samgönguframkvæmdir á Austurlandi sem hafa verið í brennidepli í fréttamiðlum síðustu vikur. Hún nefndi að stefna sveitarfélaga á Austurlandi væri skýr í gegnum Svæðisskipulagið, þar lægi aðferðafræði Austurlands í uppbyggingu samgangna sem og í öðrum áherslum. Í uppbyggingu samgangna á Austurlandi væri áhersla á hringtengingu gangna á Miðausturlandi þar sem fyrsti áfanginn er Fjarðaheiðargöng. Áhersla væri einnig á uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar, heilsársveg yfir Öxi, tvöföldun einbreiðra brúa og lagfæringu á hættulegum vegköflum. Hún óskaði eftir áframhaldandi góðu samstarfi við stjórnvöld um að láta þessa sameiginlegu metnaðarfullu framtíðarsýn okkar verða að veruleika.

Berglind bauð af þessu tilefni Innviðaráðherra að koma upp og taka formlega við framtíðarsýn Austurlands.

Berglind Harpa vísaði síðan í rafræna ársskýrslu á vef Austurbrúar.

3) Ávarp innviðaráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar

Ráðherra fór í ávarpi sínu yfir nokkur verkefni á borði ríkisvaldsins sem tengjast málefnum sveitarfélaga og lagði áherslu á mikilvægi aukinnar samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

4) Kynning á ársreikningi 2022, fjárhagsáætlunum 2023 og 2024 og árgjöldum

Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra að kynna gögn fundarsins. Jóna Árný framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning sambandsins og fór yfir helstu niðurstöður hans. Rekstrarafgangur ársins 2022 er tæplega 11 milljónir. Heildareign er um 334 milljónir, skuldir eru 26 milljónir og eigið fé er um 68 milljónir. Handbært fé í árslok er rúmlega 277 milljónir.

Þá kynnti framkvæmdastjóri endurskoðaða fjárhagsáætlun 2023 og áætlun fyrir árið 2024 ásamt uppfærðum árgjöldum fyrir árið 2023 og árgjöldum fyrir árið 2024.

Jóna vísaði að lokum í rafræn skjöl á heimasíðu Austurbrúar.

5) Niðurstaða fjárhagsnefndar

Fundarstjóri bauð formanni fjárhagsnefndar, Söru Elísabetu Svansdóttur, að koma og gera grein fyrir niðurstöðu fjárhagsnefndar.



6) Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar

Ársreikningur SSA 2022 borinn upp og samþykktur samhljóða.

Tillaga að uppfærðum árgjöldum 2023 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að árgjöldum 2024 borin upp og samþykkt samhljóða.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2023 borin upp og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun 2024 borin upp og samþykkt samhljóða.

7) Könnun ársreiknings

Jóna Árný fór yfir fyrirkomulag í tengslum við könnun ársreiknings og upplýsti um að til staðar er samningur við KPMG.

8) Opnun og kynning á heimasíðu Svæðisskipulags Austurlands

Jóna Árný kynnti og opnaði nýja heimasíðu Svæðisskipulags Austurlands og hugmyndafræðina á bak við efni hennar.

9) Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundarstjóri bauð formanni að koma og slíta fundi.

Berglind Harpa kom upp og þakkaði starfsfólki fundarins fyrir gott skipulag og sleit að lokum fundi.

Fundi slitið kl. 11:00

Undirritunarsíða

Björn Ingimarsson

Óðinn Gunnar Óðinsson